

AUGLÝSING

um fullgildingu samnings um að dreifa ekki kjarnavopnum.

Hinn 18. júlí 1969 voru utanríkisráðuneytum Bandaríkjanna, Bretlands og Sovét-ríkjanna afhent fullgildingarskjöl Íslands að samningnum um að dreifa ekki kjarna-vopnum, sem gerður var í Washington, London og Moskva hinn 1. júlí 1968 og und-irritaður af Íslands hálfu sama dag.

Samningurinn hefur eigi öðlazt gildi, og verður gildistaka hans auglýst síðar. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 23. október 1969.

Emil Jónsson.

Pétur Thorsteinsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR UM AÐ DREIFA EKKI KJARNAVOPNUM

Ríki þau, sem gera með sér samning þennan, hér á eftir nefnd „samningsaðil-ar“,

hafa í huga eyðilegginguna, sem kjarn-orkustyrjöld myndi valda öllu mannkyn-inu, og þar af leiðandi þá nauðsyn að beita öllum kröftum til að afstýra hætt-unni á slíkri styrjöld og til að gera ráð-stafanir til að tryggja öryggi þjóðanna,

hyggja, að dreifing kjarnavopna myndi auka verulega hættuna á kjarnorku-styrjöld,

fara eftir ályktunum Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, þar sem hvatt hef-ur verið til samningsgerðar til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu kjarna-vopna,

skuldbinda sig til að vinna saman að því að auðvelda framkvæmd öryggisefir-lits Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar með friðsamlegri notkun kjarnorku,

lýsa yfir stuðningi sínum við rann-sóknir, þróun og aðrar tilraunir til að efla, í samræmi við öryggiskerfi Alþjóða-kjarnorkumálastofnunarinnar, fram-kvæmd meginreglunnar um öruggt eftir-lit með birgðahreyfingum vinnslufna og

TREATY ON THE NON-PROLIFERATION OF NUCLEAR WEAPONS

The States concluding this Treaty, hereinafter referred to as the „Parties to the Treaty“,

Considering the devastation that would be visited upon all mankind by a nuclear war and the consequent need to make every effort to avert the danger of such a war and to take measures to safeguard the security of peoples,

Believing that the proliferation of nuclear weapons would seriously enhance the danger of nuclear war,

In conformity with resolutions of the United Nations General Assembly, calling for the conclusion of an agreement on the prevention of wider dissemination of nuclear weapons,

Undertaking to cooperate in facilitating the application of International Atomic Energy Agency safeguards on peaceful nuclear activities,

Expressing their support for research, development and other efforts to further the application, within the framework of the International Atomic Energy Agency safeguards system, of the principle of safeguarding effectively the flow of

sérstakra kjarnkleyfra efna með því að nota mælitæki og aðra tækni á ákveðnum, mikilvægum stöðum,

staðfesta þá meginreglu, að gagnað af friðsamlegri hagnýtingu kjarnatækni, þar með talin sérhver tæknileg aukaefni, sem kjarnavopnaríki kunna að fá við smíði kjarnasprengjútækja, eigi að standa öllum samningsaðilum til reiðu, hvort heldur eru kjarnavopnaríki eða kjarnavopnalaus ríki,

eru sannfærð um, að allir samningsaðilar eigi samkvæmt þessari meginreglu rétt á að taka þátt í sem allra viðtækustum skiptum á vísindalegum upplýsingum um frekari framþróun kjarnorkunotkunar í friðsamlegum tilgangi og að leggja fram sinn skerf til þessarar framþróunar hver í sínu lagi eða í samvinnu við önnur ríki,

lýsa yfir þeirri ætlun sinni að stöðva kjarnavopnakapphlaupið eins fljótt og unnt er og að gera raunhæfar ráðstafanir í þá veru að eyða kjarnavopnum,

hvetja til samvinnu allra ríkja til þess að ná þessu marki,

minnst ásetnings aðilanna að samningnum frá 1963 um bann við tilraunum með kjarnavopn í gufuhvolfinu, himingeimnum og neðansjávar, sem skýrt er frá í formála samningsins, um að reyna að hætta við allar tilraunasprengingar með kjarnavopn um alla eilífð og að halda áfram samningum í þeim tilgangi,

óska að draga úr alþjóðlegum viðsjám og efla trúnaðartraust milli ríkja til þess að auðvelda framleiðslustöðvun kjarnavopna, eyðingu allra núverandi birgða þeirra og útrýmingu kjarnavopna og tækja til að koma þeim í skotmark úr vopnabúrum þjóðanna í samræmi við samning um almenna og algjöra afvopnun undir ströngu og raunhæfu, alþjóðlegu eftirliti,

minnst þess, að ríki eiga samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna að varast hótanir um valdbeitingu í milliríkjaskiptum og beitingu valds gegn landamærahelgi eða stjórnmalasjálfstæði nokkurs

source and special fissionable materials by use of instruments and other techniques at certain strategic points,

Affirming the principle that the benefits of peaceful applications of nuclear technology, including any technological by-products which may be derived by nuclear-weapon States from the development of nuclear explosive devices, should be available for peaceful purposes to all Parties to the Treaty, whether nuclear-weapon or non-nuclear-weapon States,

Convinced that, in furtherance of this principle, all Parties to the Treaty are entitled to participate in the fullest possible exchange of scientific information for, and to contribute alone or in cooperation with other States to, the further development of the applications of atomic energy for peaceful purposes,

Declaring their intention to achieve at the earliest possible date the cessation of the nuclear arms race and to undertake effective measures in the direction of nuclear disarmament,

Urging the cooperation of all States in the attainment of this objective,

Recalling the determination expressed by the Parties to the 1963 Treaty banning nuclear weapon tests in the atmosphere in outer space and under water in its Preamble to seek to achieve the discontinuance of all test explosions of nuclear weapons for all time and to continue negotiations to this end,

Desiring to further the easing of international tension and the strengthening of trust between States in order to facilitate the cessation of the manufacture of nuclear weapons, the liquidation of all their existing stockpiles, and the elimination from national arsenals of nuclear weapons and the means of their delivery pursuant to a treaty on general and complete disarmament under strict and effective international control,

Recalling that, in accordance with the Charter of the United Nations, States must refrain in their international relations from the threat or use of force against the territorial integrity or political inde-

ríkis eða á neinn annan hátt, sem kemur í bága við markmið Sameinuðu þjóðanna, og að alþjóðafriði og öryggi skal komið á og varðveitt með því að beina sem minnstum mannafla og fjármunum heimsbyggðarinnar til vopnabúnaðar,

pendence of any State, or in any other manner inconsistent with the Purposes of the United Nations, and that the establishment and maintenance of international peace and security are to be promoted with the least diversion for armaments of the world's human and economic resources,

hafa orðið ásaðtt um eftirfarandi:

Have agreed as follows:

I. grein.

Sérhvert kjarnavopnaríki, sem er samningsaðili, skuldbindur sig til að fá ekki í hendur neinum viðtakanda, hverjum sem er, hvorki beinlínis né óbeinlínis, kjarnavopn eða önnur kjarnasprengjutæki eða yfirráð yfir slíkum vopnum eða sprengjutækjum; og að aðstoða ekki, hvetja eða fá á neinn hátt nokkurt kjarnavopnalaust ríki til að framleiða eða útvega sér með öðrum hætti kjarnavopn eða önnur kjarnasprengjutæki eða yfirráð yfir slíkum vopnum eða sprengjutækjum.

Article I

Each nuclear-weapon State Party to the Treaty undertakes not to transfer to any recipient whatsoever nuclear weapons or other nuclear explosive devices or control over such weapons or explosive devices directly, or indirectly; and not in any way to assist, encourage, or induce any non-nuclear-weapon State to manufacture or otherwise acquire nuclear weapons or other nuclear explosive devices, or control over such weapons or explosive devices.

II. grein.

Sérhvert kjarnavopnalaust ríki, sem er samningsaðili, skuldbindur sig til að taka ekki við frá neinum afhendingaraðila, hverjum sem er, hvorki beinlínis né óbeinlínis, kjarnavopnum eða öðrum kjarnasprengjutækjum eða yfirráðum yfir slíkum vopnum eða sprengjutækjum; að framleiða ekki eða útvega sér með öðrum hætti kjarnavopn eða önnur kjarnasprengjutæki; og að leita ekki eftir eða fá nokkra aðstoð við framleiðslu kjarnavopna eða annarra kjarnasprengjutækja.

Article II

Each non-nuclear-weapon State Party to the Treaty undertakes not to receive the transfer from any transferor whatsoever of nuclear weapons or other nuclear explosive devices or of control over such weapons or explosive devices directly, or indirectly; not to manufacture or otherwise acquire nuclear weapons or other nuclear explosive devices; and not to seek or receive any assistance in the manufacture of nuclear weapons or other nuclear explosive devices.

III. grein.

1. Sérhvert kjarnavopnalaust ríki, sem er samningsaðili, skuldbindur sig til að fara eftir öryggisákvæðum, sem sett verða fram í samkomulagi, sem samið verður um og gert verður við Alþjóðakjarnorkumálastofnunina í samræmi við stofnskrá Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar og öryggiskerfi stofnunarinnar, til þess eingöngu að sannprófa, hvort það hefur uppfyllt skuldbindingar sínar samkvæmt

Article III

1. Each non-nuclear-weapon State Party to the Treaty undertakes to accept safeguards, as set forth in an agreement to be negotiated and concluded with the International Atomic Energy Agency in accordance with the Statute of the International Atomic Energy Agency and the Agency's safeguards system, for the exclusive purpose of verification of the fulfillment of its obligations assumed

þessum samningi, er miða að því að koma í veg fyrir, að kjarnorku verði veitt frá friðsamlegri notkun til kjarnavopna eða annarra kjarnasprengjutækja. Öryggisreglum þeim, sem krafizt er í þessari grein, skal fylgt að því er varðar vinnsluefni eða sérstakt kjarnkleyft efni, hvort heldur er við framleiðslu, umbreytingu eða notkun þess í öllum helztu kjarnorkustöðvum eða þegar það er utan við slíka stöð. Öryggisákvæðin, sem krafizt er í þessari grein, eiga að ná til alls vinnsluefnis eða sérstaks kjarnkleyfs efnis við alla friðsamlega notkun kjarnorku á landssvæði slíks ríkis, í lögsögu þess eða hvar sem er undir stjórn þess.

2. Sérhvert ríki, sem er samningsaðili, skuldbindur sig til þess að láta ekki neinu kjarnavopnalaus ríki í té til friðsamlegrar notkunar: (a) vinnsluefni eða sérstakt kjarnkleyft efni, eða (b) tæki eða efni, sem sérstaklega eru ætluð eða útbúið til umbreytinga, notkunar eða framleiðslu á sérstöku kjarnkleyfu efni, nema vinnsluefnið eða sérstaka kjarnkleyfa efnið komi undir öryggisákvæðin, sem krafizt er í þessari grein.

3. Öryggisákvæðin, sem krafizt er í þessari grein, skulu koma þannig til framkvæmda, að framfylgt verði ákvæðum fjórðu greinar þessa samnings, og að komizt verði hjá því að hindra efnahags- eða tæknilega þróun samningsaðilanna eða alþjóðlega samvinnu um friðsamlega notkun kjarnorku, þar með talin alþjóðleg skipti á kjarnefni og tækjum til umbreytinga, notkunar eða framleiðslu á kjarnefni í friðsamlegum tilgangi í samræmi við ákvæði þessarar greinar og meginregluna um öryggi, sem sett er fram í formála samningsins.

4. Til þess að uppfylla kröfurnar, sem gerðar eru í þessari grein, eiga kjarnavopnalaus ríki, sem eru samningsaðilar, að ganga frá samkomulagi við Alþjóðakjarnorkumálastofnunina annaðhvort sér í lagi eða sameiginlega með öðrum ríkjum í samræmi við stofnskrá Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar. Samningar um slíkt samkomulag eiga að hefjast innan 180 daga frá því, að samningur þessi gengur upphaflega í gildi. Samning-

under this Treaty with a view to preventing diversion of nuclear energy from peaceful uses to nuclear weapons or other nuclear explosive devices. Procedures for the safeguards required by this article shall be followed with respect to source or special fissionable material whether it is being produced, processed or used in any principal nuclear facility or is outside any such facility. The safeguards required by this article shall be applied on all source or special fissionable material in all peaceful nuclear activities within the territory of such State, under its jurisdiction, or carried out under its control anywhere.

2. Each State Party to the Treaty undertakes not to provide: (a) source or special fissionable material, or (b) equipment or material especially designed or prepared for the processing, use or production of special fissionable material, to any non-nuclear-weapon State for peaceful purposes, unless the source or special fissionable material shall be subject to the safeguards required by this article.

3. The safeguards required by this article shall be implemented in a manner designed to comply with article IV of this Treaty, and to avoid hampering the economic or technological development of the Parties or international cooperation in the field of peaceful nuclear activities, including the international exchange of nuclear material and equipment for the processing, use or production of nuclear material for peaceful purposes in accordance with the provisions of this article and the principle of safeguarding set forth in the Preamble of the Treaty.

4. Non-nuclear-weapon States Party to the Treaty shall conclude agreements with the International Atomic Energy Agency to meet the requirements of this article either individually or together with other States in accordance with the Statute of the International Atomic Energy Agency. Negotiation of such agreements shall commence within 180 days from the original entry into force of this Treaty. For States depositing their instruments

ar um slíkt samkomulag vegna ríkja, sem afhenda fyrst staðfestingar- eða aðildarskjöl eftir að 180 dagarnir eru liðnir, eiga að hefjast eigi síðar en slík skjöl eru afhent. Slíkt samkomulag skal ganga í gildi eigi síðar en átján mánuðum, eftir þann dag, er samningarnir hófust.

IV. grein.

1. Ekkert í samningi þessum skal túlka þannig, að það breyti óhagganlegum rétti allra samningsaðila til þess, án mismununar og í samræmi við fyrstu og aðra grein þessa samnings, að efla rannsóknir, framleiðslu og notkun kjarnorku í friðsamlegum tilgangi.

2. Allir samningsaðilar skuldbinda sig til að auðvelda, og eiga rétt á að taka þátt í, sem allra viðtækustum skiptum á tækjum, efni og visinda- og tæknilegum upplýsingum fyrir friðsamlega notkun kjarnorku. Samningsaðilar, sem eru í aðstöðu til þess, skulu einnig vinna að því, sér í lagi eða ásamt öðrum ríkjum eða alþjóðastofnunum, að efla frekari þróun kjarnorkunotkunar í friðsamlegum tilgangi, sérstaklega á landssvæðum kjarnavopnalausra ríkja, með réttu tilliti til þarfa þróunarsvæða heimsbyggðarinnar.

V. grein.

Sérhver samningsaðili skuldbindur sig til að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja, í samræmi við þennan samning, undir viðeigandi alþjóðlegri umsjón og með viðeigandi alþjóðlegum aðferðum, að væntanlegt gagn af allri friðsamlegri hagnýtingu kjarnasprenginga muni án mismununar standa til reiðu kjarnavopnalausum ríkjum, sem eru samningsaðilar, og að kostnaður, sem samningsaðilum er gert að greiða fyrir sprengjutæki, sem notuð eru, verði eins lítill og mögulegt er, enda verði kostnaður af rannsóknum og frumsmiðum ekki meðtalinn. Kjarnavopnalaus ríki, sem eru samningsaðilar, skulu eiga kost á að fá slíka þjónustu samkvæmt sérstökum alþjóðlegum samn-

of ratification or accession after the 180-day period, negotiation of such agreements shall commence not later than the date of such deposit. Such agreements shall enter into force not later than eighteen months after the date of initiation of negotiations.

Article IV

1. Nothing in this Treaty shall be interpreted as affecting the inalienable right of all the Parties to the Treaty to develop research, production and use of nuclear energy for peaceful purposes without discrimination and in conformity with article I and II of this Treaty.

2. All the Parties to the Treaty undertake to facilitate, and have the right to participate in, the fullest possible exchange of equipment, materials and scientific and technological information for the peaceful uses of nuclear energy. Parties to the Treaty in a position to do so shall also cooperate in contributing alone or together with other States or international organizations to the further development of the applications of nuclear energy for peaceful purposes, especially in the territories of non-nuclear-weapon States Party to the Treaty, with due consideration for the needs of the developing areas of the world.

Article V

Each Party to the Treaty undertakes to take appropriate measures to ensure that, in accordance with this Treaty, under appropriate international observation and through appropriate international procedures, potential benefits from any peaceful applications of nuclear explosions will be made available to non-nuclear-weapon States Party to the Treaty on a non-discriminatory basis and that the charge to such Parties for the explosive devices used will be as low as possible and exclude any charge for research and development. Non-nuclear-weapon States Party to the Treaty shall be able to obtain such benefits, pursuant to a special international agreement or

ingi eða samningum hjá tilheyrandi alþjóðlegri stofnun, þar sem kjarnavopnalaus ríki eiga nægjanlega marga fulltrúa. Samningar um þessi mál skulu hefjast eins fljótt og unnt er, eftir að samningur þessi gengur í gildi. Kjarnavopnalaus ríki, sem eru samningsaðilar, geta einnig fengið slíka þjónustu samkvæmt tvíhliða samningum, ef þau óska þess.

VI. grein.

Sérhver samningsaðili skuldbindur sig til þess að halda áfram í góðri trú samningum um raunhæfar ráðstafanir varðandi stöðvun kjarnavopnakapphlaupsins innan skamms tíma og eyðingu kjarnavopna og um samning um almenna og algjöra afvopnun undir ströngu og raunhæfu, alþjóðlegu eftirliti.

VII. grein.

Ekkert í samningi þessum raskar rétti hvaða ríkjahóps sem er til að gera með sér svæðissamninga til þess að tryggja, að landssvæði þeirra hvers um sig verði algjörlega kjarnavopnalaus.

VIII. grein.

1. Sérhver samningsaðili getur gert tillögur um breytingar á samningi þessum. Texti sérhverrar breytingartillögu skal afhentur vörzlu-ríkisstjórnunum, sem senda hann öllum samningsaðilum. Ef þriðjungur samningsaðila eða meir fer fram á það, skulu vörzlu-ríkisstjórnirnar síðan kalla saman ráðstefnu og bjóða til hennar öllum samningsaðilum til þess að fjalla um slíka breytingu.

2. Sérhver breyting á þessum samningi verður að hljóta samþykki meirihluta atkvæða allra samningsaðila, þar með talin atkvæði allra kjarnavopnaríkja, sem eru samningsaðilar, og allra annarra samningsaðila, sem eiga sæti í stjórn Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar á þeim degi, er breytingartillagan var send út. Breytingin tekur gildi fyrir sérhvern samningsaðila, sem afhendir staðfestingarskjal um breytinguna, þegar meirihluti allra samningsaðila hefur afhent slík

agreements, through an appropriate international body with adequate representation of non-nuclear-weapon States. Negotiations on this subject shall commence as soon as possible after the Treaty enters into force. Non-nuclear-weapon States Party to the Treaty so desiring may also obtain such benefits pursuant to bilateral agreements.

Article VI

Each of the Parties to the Treaty undertakes to pursue negotiations in good faith on effective measures relating to cessation of the nuclear arms race at an early date and to nuclear disarmament, and on a treaty on general and complete disarmament under strict and effective international control.

Article VII

Nothing in this Treaty affects the right of any group of States to conclude regional treaties in order to assure the total absence of nuclear weapons in their respective territories.

Article VIII

1. Any Party to the Treaty may propose amendments to this Treaty. The text of any proposed amendment shall be submitted to the Depositary Governments which shall circulate it to all Parties to the Treaty. Thereupon, if requested to do so by one-third or more of the Parties to the Treaty, the Depositary Governments shall convene a conference, to which they shall invite all the Parties to the Treaty, to consider such an amendment.

2. Any amendment to this Treaty must be approved by a majority of the votes of all the Parties to the Treaty, including the votes of all nuclear-weapon States Party to the Treaty and all other Parties which, on the date the amendment is circulated, are members of the Board of Governors of the International Atomic Energy Agency. The amendment shall enter into force for each Party that deposits its instrument of ratification of the amendment upon the deposit of such

staðfestingarskjöl, þar með talin staðfestingarskjöl allra kjarnavopnaríkja, sem eru samningsaðilar, og allra annarra samningsaðila, sem eiga sæti í stjórn Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, er breytingartillagan var send út. Síðan tekur hún gildi fyrir sérhvern annan samningsaðila, þegar staðfestingarskjal um breytinguna er afhent.

3. Fimm árum eftir að samningur þessi gengur í gildi skal halda ráðstefnu í Genf í Sviss til þess að endurskoða framkvæmd þessa samnings með það fyrir augum að tryggja, að tilgangi formálans sé náð og ákvæðunum í samningnum sé framfylgt. Síðan getur meirihluti samningsaðila fengið á fimm ára fresti kallaðar saman aðrar ráðstefnur með það einnig fyrir augum að endurskoða framkvæmd samningsins, geri þeir tillögu þar um til vörzlu-ríkisstjórnanna.

IX. grein.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirskriftar öllum ríkjum. Sérhvert ríki, sem ekki hefur skrifað undir samninginn fyrir gildistöku hans í samræmi við 3. málsgrein þessarar greinar, getur hvenær sem er gerzt aðili að honum.

2. Samningur þessi er háður staðfestingu þeirra ríkja, sem hafa skrifað undir hann. Staðfestingar- og aðildarskjöl skal afhenda ríkisstjórnnum Bandaríkja Ameríku, Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og Sovétlýðveldasambandsins, sem hér með eru tilnefndar til þess að vera vörzlu-ríkisstjórnir samningsins.

3. Samningur þessi gengur í gildi, þegar ríkin, sem hér hafa fengið ríkisstjórnir sínar tilnefndar sem vörzlu-ríkisstjórnir, hafa staðfest hann og fjörutíu önnur ríki, sem skrifað hafa undir samning þennan, hafa afhent staðfestingarskjöl sín. Í samningi þessum, merkir kjarnavopnaríki það ríki, sem hefur framleitt

instruments of ratification by a majority of all the Parties, including the instruments of ratification of all nuclear-weapon States Party to the Treaty and all other Parties which, on the date the amendment is circulated, are members of the Board of Governors of the International Atomic Energy Agency. Thereafter, it shall enter into force for any other Party upon the deposit of its instrument of ratification of the amendment.

3. Five years after the entry into force of this Treaty, a conference of Parties to the Treaty shall be held in Geneva, Switzerland, in order to review the operation of this Treaty with a view to assuring that the purposes of the Preamble and the provisions of the Treaty are being realized. At intervals of five years thereafter, a majority of the Parties to the Treaty may obtain, by submitting a proposal to this effect to the Depositary Governments, the convening of further conferences with the same objective of reviewing the operation of the Treaty.

Article IX

1. This Treaty shall be open to all States for signature. Any State which does not sign the Treaty before its entry into force in accordance with paragraph 3 of this article may accede to it at any time.

2. This Treaty shall be subject to ratification by signatory States. Instruments of ratification and instruments of accession shall be deposited with the Governments of the United States of America, the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland and the Union of Soviet Socialist Republics, which are hereby designated the Depositary Governments.

3. This Treaty shall enter into force after its ratification by the States, the Governments of which are designated Depositaries of the Treaty, and forty other States signatory to this Treaty and the deposit of their instruments of ratification. For the purposes of this Treaty, a nuclear-weapon State is one which has

og sprengt kjarnavopn eða annað kjarna-sprengjutæki fyrir 1. janúar 1967.

4. Samningur þessi gengur í gildi, að því er varðar ríki, sem afhenda staðfestingar- eða aðildarskjöl eftir gildistöku hans, á þeim degi, þegar staðfestingar-eða aðildarskjalið er afhent.

5. Vörzlu-ríkisstjórnirnar skulu tafarlaust tilkynna öllum ríkjum, sem skrifað hafa undir og gerzt hafa aðilar að samningnum, um dagsetningu sérhverrar undirskriftar, afhendingardag sérhvers staðfestingar- eða aðildarskjals, dag þann, er samningur þessi gengur í gildi, og þá daga, þegar tekið er við beiðnum um að kalla saman ráðstefnu eða öðrum tilkynningum.

6. Vörzlu-ríkisstjórnirnar skulu skrásetja samning þennan í samræmi við 102. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

X. grein.

1. Sérhver samningsaðili hefur sem fullvalda þjóð rétt til þess að segja upp samningnum, ef sérstakir atburðir, sem varða efni þessa samnings, hafa að hans dómi stofnað æðstu hagsmunum lands hans í voða. Skal hann tilkynna öllum öðrum samningsaðilum og Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna um slíka uppsögn með þriggja mánaða fyrirvara. Í slíkri tilkynningu skal gerð grein fyrir þeim sérstöku atburðum, sem samningsaðili álitur hafa stofnað æðstu hagsmunum sínum í voða.

2. Tuttugu og fimm árum eftir gildistöku samnings þessa skal kalla saman ráðstefnu til þess að ákveða, hvort samningurinn á að halda áfram að vera í gildi um óákveðinn tíma eða verða framlengdur til ákveðins eða ákveðinna tíma til viðbótar. Meirihluti samningsaðila verður að taka þessa ákvörðun.

XI. grein.

Samningur þessi, sem gerður er á ensku, rússnesku, frönsku, spönsku og kínversku, og skulu allir textarnir jafngildir, skal varðveittur í skjalasöfnum vörzlu-ríkisstjórnanna. Skulu vörzlu-

manufactured and exploded a nuclear weapon or other nuclear explosive device prior to January 1, 1967.

4. For States whose instruments of ratification or accession are deposited subsequent to the entry into force of this Treaty, it shall enter into force on the date of the deposit of their instruments of ratification or accession.

5. The Depositary Governments shall promptly inform all signatory and acceding States of the date of each signature, the date of deposit of each instrument of ratification or of accession, the date of the entry into force of this Treaty, and the date of receipt of any requests for convening a conference or other notices.

6. This Treaty shall be registered by the Depositary Governments pursuant to article 102 of the Charter of the United Nations.

Article X

1. Each Party shall in exercising its national sovereignty have the right to withdraw from the Treaty if it decides that extraordinary events, related to the subject matter of this Treaty, have jeopardized the supreme interests of its country. It shall give notice of such withdrawal to all other Parties to the Treaty and to the United Nations Security Council three months in advance. Such notice shall include a statement of the extraordinary events it regards as having jeopardized its supreme interests.

2. Twenty-five years after the entry into force of the Treaty, a conference shall be convened to decide whether the Treaty shall continue in force indefinitely, or shall be extended for an additional fixed period or periods. This decision shall be taken by a majority of the Parties to the Treaty.

Article XI

This Treaty, the English, Russian, French, Spanish and Chinese texts of which are equally authentic, shall be deposited in the archives of the Depositary Governments. Duly certified copies

ríkisstjórnirnar senda staðfest eftirrit samnings þessa til ríkisstjórna þeirra ríkja, sem skrifað hafa undir og gerzt hafa aðilar.

of this Treaty shall be transmitted by the Depositary Governments to the Governments of the signatory and acceding States.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullgild umboð, skrifað undir samning þennan.

In witness whereof the undersigned, duly authorized, have signed this Treaty.

Gjört í þremur eintökum í borgunum Washington, London og Moskva, fyrsta dag júlímánaðar árið eitt þúsund níu hundruð sextíu og átta.

Done in triplicate, at the cities of Washington, London and Moscow, this first day of July one thousand nine hundred sixty-eight.

AUGLÝSING

um Evrópusamning um upplýsingar um erlenda löggjöf.

Hinn 2. október 1969 var forstjóra Evrópuráðsins afhent í Strasbourg fullgildingarskjal Íslands að Evrópusamningi um upplýsingar um erlenda löggjöf, sem gerður var í London hinn 7. júlí 1968 og undirritaður af Íslands hálfu í París hinn 27. febrúar 1969.

Samningurinn, sem birtur er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, gengur í gildi að því er Ísland varðar hinn 3. janúar 1970.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 23. október 1969.

Emil Jónsson.

Pétur Thorsteinsson.

Fylgiskjal.

EUROPEAN CONVENTION ON INFORMATION ON FOREIGN LAW

PREAMBLE

The member States of the Council of Europe, signatories hereto,

Considering that the aim of the Council of Europe is the achievement of greater unity between its Members;

Convinced that the creation of a system of international mutual assistance in order to facilitate the task of judicial authorities in obtaining information on foreign law, will contribute to the attainment of this aim,

Have agreed as follows: